

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 28. fundar verkefnahóps BsVest haldinn miðvikudaginn 28. mars 2013, kl 11.00
Fundurinn er símafundur. Mætt voru Arnheiður Jónsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir,
Guðný Hildur Magnúsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Margrét Geirsdóttir. Auk þess sat
fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð.

Framkvæmdastjóri setti fundinn og gengið til dagskrá.

1. Umsögn verkefnahóps um umsækjendur um starf verkefnastjóra BsVest.
Í erindisbréfi verkefnahóps segir um starfsmannamál

*Verkefnahópurinn skal fjalla um umsóknir vegna ráðningar verkefnastjóra BSV og gera
rökstudda tillögu um ráðningu til stjórnar BSV. Ákvörðun um ráðningu tekur stjórn BSV.*

Starf verkefnastjóra var auglýst í fjölmiðlum í byrjun mánaðar, alls sóttu þrjár aðilar um starfið
og liggja umsóknir þeirra fyrir fundinum. Framkvæmdastjóri kynnti að hann hefði rætt við
alla aðila og á grundvelli mats tekið einn þeirra í viðtal og sent verkefnahóp sitt álit.
Framkvæmdastjóri opnaði nú umræðu um málið, til máls tóku Guðný, Elsa, Hildur, Margrét,
Arnheiður og Aðalsteinn. Samþykkt eftirfarandi.

*Verkefnahópur BsVest beinir til stjórnar BsVest að hafna beri umsóknum um starf
verkefnisstjóra og að staðan verði auglýst að nýju. Umsækjendur hafi ekki til brunns að bera
annað hvort nægjanlega reynslu af rekstri eða stjórnarsýslu eða nægjanlega fagþekkingu á
málflokknum.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.45.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri